

Áhersluverkefni

Við mótun framtíðarsýnar tækni- og hugverkagreina voru skilgreind 10 áhersluverkefni sem miða að því að bæta forsendur greinanna og flýta fyrir uppbyggingu og árangri. Flest snúast þau um að ná umbótum í starfs- umhverfi fyrirtækja almennt og ná því í raun langt út fyrir raðir tækni- og hugverkafyrirtækja.

1. Samstarfsvettvangur hugverkagreina

Markmið: Tryggja árangursríkt samstarf hugverkagreina, stjórnvalda og þingmanna með markvissa uppbyggingu atvinnulífs að leiðarljósi.

2. Bætt hagtolugerð

Markmið: Bæta íslenska hagtolugerð, ekki síst í nýjum vaxtargreinum.

3. Tækniþróunarsjóður eflur í 4 milljarða – efling Brúarstyrkja

Markmið: Efla vænleg og arðsöm rannsókn- og þróunarverkefni fyrirtækja með verðmætasköpun að leiðarljósi.

4. Menntastefna til stuðnings atvinnustefnu

Markmið: Að móta menntastefnu til stuðnings atvinnustefnu. Þannig að menntastefnan og ráðstöfunarfjármagn styðji hvort annað og uppfylli um leið þarfir atvinnulífsins.

5. Ímynd - Inspired by Icelandic Innovation

Markmið: Laða fólk, fyrirtæki og fjárfesta til Íslands og skapa jákvæða ímynd bæði innanlands sem utan. Vefkynning m.a. innan netsamfélaga á íslenskum hugverkaiðnaði, starfsumhverfi og tengslaneti.

6. Laða hæfileikaríkt fólk til starfa á Íslandi – hvatar t.d. í skattakerfinu

Markmið: Sporna við brottflutningi fyrirtækja og fólks. Skapa ákjósanlegar aðstæður fyrir sérfræðinga og sérhæft starfsfólk til að flytja til Íslands – styðja við uppbyggingu fyrirtækja sem þarfnast fólks með sérhæfða þekkingu og hvetja þau til áframhaldandi uppbyggingar á Íslandi.

7. Skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum

Markmið: Bæta aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að hlutafé. Koma á skipulögðum hlutabréfamarkaði - uppbyggingarmarkaði - fyrir nýsköpunarfyrirtæki.

8. Klasaáætlun um betri þjónustu fyrir minna fé

Markmið: Að skapa betri og hagkvæmari lausnir til að uppfylla þarfir í mennta-, heilbrigðis- og orkukerfinu og skapa um leið tækifæri til þróunar á lausnum sem eiga erindi á alþjóðlegan markað.

9. Samkeppnissjóðir um betri þjónustu fyrir minna fé í tengslum við fjárlög

Markmið: Að skapa grundvöll og hvatningu fyrir þróun nýrra lausna í þjónustu hins opinbera og draga úr sóun í formi fastrar áskriftar á fjárlögum án viðleitni til nýsköpunar og umbótastarfs.

10. Afnáðm gjaldeyrishafta - Höfuðstöðvar íslenskra fyrirtækja á Íslandi – draga úr neikvæðum áhrifum á útflutning frá Íslandi

Markmið: Að skapa grundvöll fyrir íslensk fyrirtæki í útflutningi að halda höfuðstöðvum sínum á Íslandi og skapa gjaldeyriskjúr. Halda fólki og fyrirtækjum hér á landi.



Tækni- og hugverkaiðnaður og aðrar gjaldeyrisskapandi greinar

Hugverkafyrirtæki byggja á hugverki á grunni nýsköpunar, þróunar, tækni, hönnunar, sérstöðu eða tengsla. Lykilatriðið er að verðmætasköpun fyrirtækisins byggir á þekkingarauðlindum fremur en nýtingu náttúruauðlinda.

Tæknifyrirtæki eru samkvæmt skilgreiningu OECD, flokkuð eftir hlutfalli rannsókna- og þróunarkostnaðar (R&D) af veltu. Fyrirtæki sem nota innan við 1% af veltu í R&D eru skilgreind sem lágtæknifyrirtæki og teljast ekki til tækniiðnaðar óháð því hversu mikla tækni þau nota í starfsemi sinni.





Viðfangsefni í starfs- og stuðningsumhverfi atvinnulífsins krefjast samstarfs hagsmunasamtaka fyrirtækja, stjórnvalda og annarra stuðningsaðila. Slíkt samstarf hefur verið með ýmsum hætti á undanförunum árum. Með Hátækni- og sprotavettvangi hefur það orðið skilvirkara á sviði tækni- og hugverkagreina.

Framtíðarsýn tækni- og hugverkaiðnaðar var mótuð á stefnumótunarfundi 2011 þar sem saman kom stór hópur fulltrúa fyrirtækja, stuðningsaðila, ráðuneyta og þingflokka. Framtíðarsýnin er sett fram í formi lýsingar á þeim árangri sem hópurinn sér fyrir sér að hafi náðst árið 2016 og forsendum sem þurfa að vera fyrir hendi.

Framtíðarsýn = árangur + forsendur

Árangur

Tækni- og hugverkaiðnaður – grunnstoð í íslensku atvinnulífi

Tækni- og hugverkaiðnaður er ein af grunnstöðum íslensks atvinnulífs og stendur fyrir um fjórðungi gjaldeyrisketna þjóðarinnar. Fjárfestingar í hugverkaiðnaði hafa reynst arðbærar og vöxtur fyrirtækja að jafnaði um 20% á ári. Á annan tug öflugra íslenskra tæknifyrirtækja eru í forystu á heimsvísu á sínum sérsviðum og árlega bætast að jafnaði tvö fyrirtæki í hóp þeirra sem hafa náð eins milljarðs króna ársveltu.

Fjöldmörg hugverkafyrirtæki hafa verið skráð á hlutabréfamarkað og mælist markaðsvirði þeirra í hundruðum milljóna evra.

Velgengni fyrirtækjanna byggir á hugverki, þekkingu og fjölpættu alþjóðlegu samstarfi við fyrirtæki, háskóla, rannsóknarstofnanir og aðra aðila í opinberum rekstri.

Það er eftirsóknarvert að vera frumkvöðull á Íslandi og fjölbreytt flóra fyrirtækja og fólks sækir hingað í leit að þekkingu og tengslum á ólíkum tæknisviðum. Styrkleikar Íslands liggja m.a. í upplýsingatækni, leikjaiðnaði, heilbrigðistækni, vél- og efnistækni, samgöngutækni, líftækni, grænni atvinnustarfsemi, sjálfbærni, jarðvarma, orku- og umhverfistækni. Öflugt klasasamstarf er milli fyrirtækja í hugverkagreinum, sjávarútvegi, stóriðju, landbúnaði og ferðaþjónustu. Á þeim grunni hafa skapast hágæðavörur og lausnir fyrir alþjóðlegan markað.

Fyrirtæki í skapandi greinum hafa verið að sækja í sig veðrið á alþjóðlegum markaði, í krafti fagmennsku og tækni í framkvæmd og samskiptum.

Jákvæður viðskiptajöfnuður á grunni aukins útflutnings og sjálfbærni



Aðlaðandi Ísland - miðstöð tækni- og hugverkaiðnaðar

Ísland hefur skapað sér nafn sem miðstöð tækni- og hugverkaiðnaðar. Góð starfsskilyrði og fjölbreyttar fjármögnunarleiðir hafa laðað framsækin fyrirtæki og fólk til landsins.

Jákvæður viðskiptajöfnuður og efnahagslegur stöðugleiki hefur náðst með arðbærum fjárfestingum og starfsumhverfi í fremstu röð. Átak stjórnvalda og atvinnulífs til þróunar og verðmætasköpunar í hugverkageiranum hefur skilað sér í betri lausnum á innlendum markaði og auknum árangri í útflutningi.


Aukin áhersla á sjálfbærni, nýjar fjárfestingar í orku- og umhverfismálum, alþjóðlegir samningar og opnun flutningsleiða um Norðurheimskautið hafa skapað ný

tækifæri í þróun vöru og þjónustu til útflutnings. Þá hafa tekjur af framleiðslurétti íslenskra einkaleyfa stórauðist.

Öflugt klasasamstarf hefur skilað sér í aukinni verðmætasköpun, bættri nýtingu auðlinda og erlendri fjárfestingu. Stórlega hefur dregið úr notkun jarðefnaeldsneytis með betri nýtingu og framleiðslu á innlendum vistvænum orkugjöfum sem leitt hefur til gjaldeyrisparnaðar.

Tækniþróunarsjóður og Rannsóknasjóður hafa verið fjórfaldaðir að umfangi frá árinu 2012. Samkeppnis-sjóðirnir styðja við klasa- og átaksverkefni sem miða að því að skapa betri og hagkvæmari lausnir m.a. í menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu og á sviði orku- og umhverfismála.

Hagtölur tækni- og hugverkagreina eru aðgengilegar og greining á þeim er í föstum skorðum. Það hefur m.a. leitt



Forsendur

Fyrirmyndar starfsumhverfi og stoðkerfi

Starfsumhverfi fyrirtækja á Íslandi hefur tekið stakka-skiptum og einkennist af stöðugleika, traustum gjaldmiðli, straumlínulöguðu stuðningsumhverfi og skilvirkri skattakerfi. Alþingi nýtur virðingar fyrir það bæði heima og erlendis. Sveitarfélög taka aukinn þátt í að skapa aðstöðu og veita nýsköpunarfyrirtækjum stuðning til að stuðla að verðmætasköpun og fjölgun vel launaðra starfa.

Samstarfsvettvangur tækni- og hugverkafyrirtækja og stjórnvalda hefur beitt sér fyrir eflingu samkeppnissjóða, betri verk- og tæknimenntun, markvissri notkun skattalegra hvata til að örva þróunarstarf og hlutafjáröflun ásamt því að laða fólk með sérþekkingu til landsins.

til betri hagstjórnar og umbóta í starfsumhverfinu.

Nægt framboð á hæfu starfsfólki – gott fólk gulli betra

Öflugt samstarf er á milli skóla og atvinnulífs, þar sem skilningur ríkir á þörfum atvinnulífsins og mikilvægi verðmætasköpunar. Menntakerfið hefur aukið hæfni fólks til að starfa í framsæknum fyrirtækjum. Á Íslandi eru þrír háskólar með samræmt námsmat og samstarf um aðstöðu og námsframboð. Í því felst m.a. þverfaglegt starf tækni-, viðskipta- og skapandi greina. Gert hefur verið átak í að auka áhuga, árangur og námstækifæri á sviði tækni og nýsköpunar á öllum skólastigum. Hlutfall útskrifaðra nemenda úr verk-, tækni- og skapandi greinum hefur vaxið stöðugt og kynjahlutföll jafnast.

Öflugir þekkingarklasar hafa byggst upp á á helstu sviðum íslensks atvinnulífs sem tækni- og hugverkafyrirtæki eru aðilar að. Slíkir klasar sem byggja á góðri menntun, hugviti og nýsköpun mynda tengslanet

fyrirtækja til að deila reynslu, aðstöðu og auka framkvæmdagetu.

Hæfileikafólk og fjölskyldur þeirra hafa flust til landsins í meira mæli en áður í leit að áhugaverðum og verðmætaskapandi störfum. Almenn lífsgæði, skapandi samfélag og skilvirk stjórnvísla styður við þessa þróun.

Markvisst markaðsstarf - Inspired by Icelandic Innovation

Markvisst markaðs- og kynningarstarf hefur aukið áhuga á Íslandi meðal erlendra viðskiptavina, fólks með sérþekkingu, fjárfesta og frumkvöðla. Náðst hefur viðtækt samstarf um átakið Inspired by Icelandic Innovation sem vekur athygli á góðum árangri íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum vettvangi og hagstæðum starfs- og lífsskilyrðum á Íslandi fyrir fólk og fyrirtæki.

Almenningur og stjórnvöld átta sig betur en áður á



mikilvægi nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi í tengslum við verðmætasköpun. Tengslin á milli tækni- og hugverkaiðnaðar og annarra skapandi greina hafa eflst. Tækni- og hugverkalausnir fyrir hið opinbera eru í vaxandi mæli unnar í samstarfi við fyrirtæki sem örvar nýsköpun, styrkir innlendan þróunarmarkað fyrir vörur og þjónustu og eflir útflutning.

Fjármögnunarumhverfi í fremstu röð

Íslenskt fjármálaumhverfi er í fremstu röð og tekur mið af þörfum viðskiptavina í alþjóðlegu umhverfi. Aðgengi- legar fjármögnunarleiðir eru fyrir nýsköpunarfyrirtæki á mismunandi þroskastigum.

Lagaumhverfi nýfjárfestinga hefur verið einfaldað og gert skilvirkara. Ný lög um skattalega hvata varðandi fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum og staðlar um upplýsingamiðlun hafa stuðlað að auknu trausti, fjölbreyttum og vönduðum hlutabréfamarkaði sem fjárfestar, almenningur og starfsmenn fyrirtækjanna taka virkan þátt í.

Nýr samstarfsvettvangur fjárfesta og nýsköpunarfyrirtækja hefur bætt vinnubrögð og stuðlað að fjölbreyttari fjárfestingakostum. Fjárfestingasjóðir fjárfesta í meira mæli og til lengri tíma í smærri nýsköpunarfyrirtækjum.